

## Jafnlaunastefna HSN

Stefna Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi og launasetningum innan stofnunar í umboði forstjóra. Hann ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Mannauðsstjóri er verkefnastjóri innleiðingar jafnlaunavottunar og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi hennar í samræmi við staðalinn.

Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur stofnunin sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Stofnunin viðhefur ákveðið verklag og hefur skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Markmið HSN er vera eftirsóttur vinnustaður og að konur og karlar hafi jöfn tækifæri í starfi.

Til þess að ná því markmiði mun Heilbrigðisstofnun Norðurlands:

- Leggja vinnu í að fá jafnlaunavottun og viðhalda henni.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum, stofnanasamningum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta hlítinu á fundi framkvæmdastjórnar.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum HSN. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef stofnunar.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu HSN.

Ábyrgðarmaður jafnlaunastefnunnar er mannauðsstjóri.

*Samþykkt af framkvæmdastjórn HSN, 17. apríl 2020.*